

REGLUR
um breytingu á reglum nr. 708/2001,
um Stofnun Sigurðar Nordals.

1. gr.

Sjöunda grein reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Rektor ræður stofnuninni forstöðumann samkvæmt tilnefningu stjórnar að fenginni umsögn hugvísindadeildar. Forstöðumaður skal hafa meistara- eða doktorsgráðu eða annað sambærilegt háskólapróf.

Forstöðumaður vinnur að rannsóknum á sviði íslenskrar menningar að fornu og nýju:

- a) með eigin rannsóknum,
- b) með umsóknum og þátttöku í norrænum og evrópskum rannsóknaráætlunum,
- c) með því að hvetja til rannsókna á ofangreindu sviði.

Rektor setur forstöðumanni erindisbréf að tillögu stjórnar. Forstöðumaður hefur forystu um að móta stefnu fyrir stofnunina til lengri og skemmri tíma, stjórnar daglegum rekstri hennar, gerir tillögur til stjórnar um ráðningu starfslíðs og sér um framkvæmd á þeim málum sem stjórnin felur honum.

Forstöðumaður er í starfi sínu ábyrgur gagnvart stjórn og rektor.

2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 26. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 27. janúar 2006.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinsson.